


Fréttatilkynning NÍ 15.8.2022**Viðkoma rjúpunnar 2022**

Rjúpan er mikilvægasta bráð íslenskra skotveiðimanna. Stofnstærð rjúpunnar tekur miklum breytingum á milli ára og þessar stofnbreytingar sjást skýrt í rjúpnaveiði. Uppistaðan í veiðinni eru ungfuglar og viðkoma rjúpunnar er því góður áviti á veiðihorfur. Frjósemi rjúpunnar er mikil, fuglarnir verða kynþroska árs gamlir, hver kvenfugl verpir að jafnaði um 11 eggjum og síðsumars eru vanalega 7–8 ungar á kvenfugl. Undantekning frá þessu er þegar gerir slagveðurstíð í júní og júlí.

Náttúrufræðistofnun Íslands vaktar viðkomu rjúpunnar og það var gert á Vesturlandi og Norðausturlandi í lok júlí og byrjun ágúst nú í sumar. Í talningum á Vesturlandi fundust 34 kvenfuglar og 184 ungar. Hlutfall kvenfugla án unga var 13%, ungar á kvenfugl voru 5,41 og hlutfall unga í stofni 73%. Á Norðausturlandi fundust 64 kvenfuglar og 186 ungar. Hlutfall kvenfugla án unga var 44%, ungar á kvenfugl voru 2,9 og hlutfall unga var 59%.

Viðkoma rjúpunnar á Norðausturlandi hefur aldrei verið lakari frá því mælingar hófust árið 1964 (1. mynd). Hlutfall kvenfugla án unga var miklu hærra en nokkurn tímann áður og eins voru unghópar þeirra mæðra sem enn héldu einhverjum ungum mun minni en oftast áður. Hér er rétt að benda á að kvenfuglar án unga hafa örugglega reynt varp en annað hvort afrækt á eggjatíma eða, sem líklegra er, að ungarnir hafa drepist frá þeim. Væntanlega ræður hér mestu sú vætutíð sem einkennt hefur sumarið á Norðausturlandi. Marktæk fylgni er á milli úrkomu og vindafars og viðkomu rjúpunnar. Á Vesturlandi var viðkoma rjúpunnar heldur skárri, en þetta var þó ein lakasta útkoman þar frá upphafi mælinga sumarið 1995. Miðað við þessi gögn er viðkomubrestur hjá rjúpum á Norðausturlandi 2022. Viðkoman á Vesturlandi er mun skárri en á Norðausturlandi en eigi að síður er hún léleg miðað við fyrri ár.





1. mynd. Niðurstöður unगतalninga hjá rjúpu á Norðausturlandi og Vesturlandi. Punktar fyrir 2022 eru stækkaðir.

Rjúpnatalningar síðastliðið vor sýndu að rjúpnastofninn var í mikilli uppsveiflu víðast hvar (sjá <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/rjupnatalningar-2022>). Viðkomumælingar sýna að nú hefur stofninn mætt mótbyr, staðan á Norðausturlandi er afleit og ekki heldur góð á Vesturlandi. Ekki er vitað um viðkomu rjúpunnar í öðrum landshlutum.

Ólafur Karl Nielsen
Vistfræðingur

